



Reykjavík, 12. maí 2021
SFS2020080231
209. fundur
HG/img/áos

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi framkvæmdir við Gullborg

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Til stóð að fara í framkvæmdir við húsnæði leikskólans Gullborgar í sumar sem ekki varð af heldur var þeim frestað fram á haust. Hver er ástæða þess að ekki var farið í framkvæmdir í júlímánuði þegar skólinn var lokaður vegna sumarleyfa?

Svar:

Hönnunarvinnu var ekki fyllilega lokið ásamt ýmsu í útboði og því var ekki hægt að hefja framkvæmdina. Einnig var tekin ákvörðun um að fara ekki í framkvæmdir innanhúss fyrr en búið væri að reisa ný hús á lóð Gullborgar svo hægt væri að færa hluta af starfseminni þangað þannig að framkvæmdin hafi ekki eins mikil áhrif á viðveru barna í leikskólanum og því fylgi ekki of mikið rask fyrir alla í leikskólanum.